

Reykjavík 4. október 2019

Reykjavíkurborg / borgarráð
b.t. skrifstofu borgarstjórnar
Ráðhúsinu Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Erindi: Beiðni um einfalda ábyrgð Reykjavíkurborgar vegna útgáfu skuldabréfa Félagsbústaða

Á fundi stjórnar Félagsbústaða hf. sem haldinn var 4. október 2019 samþykkti stjórn félagsins að stofna nýjan skuldabréfaflokk og óska þess að skuldabréf sem gefin verða út í flokknum verði tryggð með einfaldri ábyrgð Reykjavíkurborgar, sbr. 1. mgr. 69. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011. Um er að ræða opinn flokk en útgáfuáætlun ársins 2019 nemur allt að 6,5 milljörðum króna. Er um að ræða félagsleg skuldabréf (e. Social Bonds), þ.e. skuldabréf sem gefin eru út í þeim tilgangi að fjármagna verkefni hjá félaginu í samræmi við ramma Félagsbústaða um félagsleg verkefni.

Stjórn Félagsbústaða óskar hér með eftir einfaldri ábyrgð Reykjavíkurborgar á grundvelli 1. mgr. 69. gr. laga nr. 138/2011 til tryggingar á endurgreiðslu skuldabréfa í hinum nýja flokki að fjárhæð allt að 6,5 milljarða króna vegna útgáfu á árinu 2019. Niðurstaða útboða hverju sinni verður lögð fyrir borgarráð til samþykktar áður en tilboð verða formlega samþykkt.

Andvirði skuldabréfanna verður notað til að mæta fjárfestingarþörf félagsins og/eða nýtt til endurfjármögnunar. Meðfylgjandi er greinargerð félagsins þar sem nánari grein er gerð fyrir hvernig fjármagninu verður ráðstafað og möguleg áhrif á fjármögnunarkostnað og þar með rekstur félagsins.

Virðingarfyllst,



Sigrún Árnadóttir
framkvæmdastjóri

Afrit:

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Meðfylgjandi er:

- 1) Fundargerð stjórnarfundar Félagsbústaða frá 4. október 2019
- 2) Greinargerð með beiðni Félagsbústaða um einfalda ábyrgð Reykjavíkurborgar.

Til Reykjavíkurborgar / borgarráðs
Reykjavík, 4. október 2019/sá

Greinargerð með beiðni Félagsbústaða um einfalda ábyrgð Reykjavíkurborgar

Félagsbústaðir hf. er hlutafélag sem er í eigu Reykjavíkurborgar. Tilgangur félagsins er að annast rekstur félagslegra leiguíbúða samkvæmt V. kafla laga nr. 97/1993, sbr. ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Reykjavíkurborg hefur falið félaginu hluta af lögbundnum verkefnum sveitarfélagsins og er því heimilt að gangast í einfalda ábyrgð fyrir félagið, sbr. 1. mgr. 69. gr. sveitastjórnarlaga.

Til þess að félagið geti með sem bestum hætti framfylgt uppbyggingaráætlun borgarinnar á félagslegu húsnæði og húsnæði fyrir fatlað fólk, haldið leiguverði lágu og sinnt viðhaldi svo vel sé skiptir sköpum að hafa aðgengi að fjármagni á sem hagstæðustum kjörum.

Fjármagnskostnaður er stór hluti rekstrarkostnaðar Félagsbústaða og nam á árinu 2018 rúmunum 1,2 milljörðum króna eða um 30% af rekstrartekjum. Meðalvextir lánasafnsins eru um 3,3% skv. ársreikningi 2018.

Með framangreindri beiðni eru væntingar til þess að ábyrgð Reykjavíkurborgar hafi jákvæð áhrif á fjármagnskostnað félagsins og þar með rekstur.